

Reykjavík, mars 2025

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík
v/tilnefninga til stjórnar Landsvirkjunar

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál tilnefnir ráðherra „í stjórnir félaga sem ríkið á eignarhlut í á grundvelli hæfni og menntunar eða reynslu.“ Skulu viðeigandi kröfur byggja á reglum sem ráðherra setur um „almenn og hlutlæg skilyrði fyrir vali til setu í slíkum stjórnnum og birtir opinberlega sem hluta af eigandastefnu.“

Ráðherra óskar hverju sinni formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi stjórnnum. Ráðherra hefur í samræmi við lög sett valnefndinni starfsreglur til að styðjast við í mati sínu á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnnum fyrirtækja í eigu ríkisins.

Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal valnefnd í hvert sinn leggja til við ráðherra tvo einstaklinga fyrir hvert stjórnarsæti.

Valnefnd orkufyrirtækja í eigu ríkisins skipa Erna Agnarsdóttir, Helgi Þór Ingason og Sverrir Briem, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Í mars 2025 óskaði ráðherra eftir tilnefningum valnefndar á stjórnarmönnum fyrir aðalfund Landsvirkjunar.

Aðferðafræði valnefndar

Í samræmi við ofangreinda beiðni hefur valnefndin metið einstaklinga sem sýnt hafa áhuga á að sitja í stjórnnum fyrir hönd ríkisins. Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal leitast við að tryggja að þeir einstaklingar sem skipa stjórnir félaga í eigu ríkisins hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að auka getu stjórnar til að tryggja að skipulag og starfsemi félagsins sé í sem bestu horfi.

Í skipunarbréfi valnefndar segir: "Valnefnd er sjálfstæð í sínum störfum, enda er markmiðið með fyrirkomulaginu að val á einstaklingum sem til greina koma í stjórnir byggji á faglegum og vönduðum grunni. Valnefnd skal í vinnu sinni eftir því sem við á hagnýta skrár ráðuneytisins til að meta hæfni einstaklinga sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórnnum og hafa samráð við ráðuneytið telji hún ástæðu til að auglýsa sérstaklega eftir hæfum einstaklingum. Valnefnd er þá jafnframt heimilt að leita eftir einstaklingum að eigin frumkvæði."

Lagðar voru til grundvallar þrjár lykilheimildir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti:

- Almenn eigendastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins (september 2021)
- Reglur um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins (14. febrúar 2025)
- Auglýsing fjármála- og efnahagsráðuneytis um nýtt verklag við val í stjórnir ríkisfyrirtækja (14. febrúar 2025)

Á grundvelli þessara heimilda var helst litið til til eftirfarandi atriða við mat á hæfni einstaklinga og við undirbúning tillagna um einstaklinga til stjórnarsetu í Landsvirkjun:

- Yfirgripsmikil reynsla af rekstri
- Þekking á íslensku atvinnulífi
- Reynsla af stjórnarsetu, stjórnun og góðum stjórnarháttum
- Þekking á starfsumhverfi viðkomandi fyrirtækis
- Reynsla af stefnumótun
- Reynsla af og þekking á fjármálum, mannauðsmálum og sjálfbærni
- Leiðtogahæfni
- Traust og gott orðspor

Stjórnarmenn skulu jafnframt vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði skal höfð hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti. Þá skal þess jafnframt gætt að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum vegna annarra starfa stjórnarmanna, en þar skal sérstaklega litið til tengsla við önnur félög sem starfa í sama samkeppnisumhverfi. Hvorki starfsmenn félags né kjörnir fulltrúar á Alþingi eða í sveitarstjórnnum skulu tilnefndir fyrir hönd ríkisins til setu í stjórn félags í eigu þess.

Út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum lagði nefndin mat á það að hve miklu leyti þeir einstaklingar sem lýstu yfir áhuga á stjórnarsetu byggju yfir þeirri hæfni sem lýst er hér að ofan. Þá var sérstaklega hugað að því að stjórnin og þeir einstaklingar sem í henni sitja hefðu sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að stuðla að því að skipulag og starfsemi Landsvirkjunar sé í sem bestu horfi.

Æskilegt er að við mat á samsetningu stjórnar sé litið til þess að innan hennar sé hæfileg breidd hvað varðar m.a. menntun, faglegan bakgrunn, kyn, þekkingu og reynslu. Leitast skal við að tryggja sem jöfnust kynjahlutföll innan stjórna.

Tilnefningar valnefndar

Eftir heildstætt mat og samanburð á hæfni þeirra einstaklinga sem gáfu kost á sér eru tilnefningar valnefndar til stjórnarsetu í Landsvirkjun eftirfarandi í stafrófsröð:

- | | |
|-------------------------------|------------------------------|
| • Agni Ásgeirsson | • Elva Rakel Jónsdóttir |
| • Berglind Ásgeirsdóttir | • Hörður Þórhallsson |
| • Björn Ingimarsson | • Sigurður Magnús Garðarsson |
| • Brynja Baldursdóttir | • Stefanía Nindel |
| • Eggert Benedikt Guðmundsson | • Þórdís Ingadóttir |
| • Einar Mäntylä | |

Nánari upplýsingar um hvern og einn tilnefndan stjórnarmann má finna í viðauka.

Virðingarfyllst,
valnefnd ríkisins,
Sverrir Briem, formaður
Erna Agnarsdóttir
Helgi Þór Ingason

Viðauki



Agni Ásgeirsson

Agni stýrir hugbúnaðarþróun hjá JBT Marel. Hann var forstöðumaður áhættustýringar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 2013 til 2022 og sérfræðingur í rafgreiningu hjá Rio Tinto 2009 til 2013. Áður starfaði Agni m.a. hjá Landsbankanum, Kaupþingi og sem hugbúnaðarverkfræðingur hjá Marel. Agni hefur setið í stjórn Lífsverk lífeyrissjóðs frá 2023, var varaformaður stjórnar Lífsverk á árunum 2010 til 2013 og formaður áhættunefndar Landssamtaka Lífeyrissjóða 2013 til 2021. Agni er með C.S. gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá HÍ, M.S. í aðgerðagreiningu og iðnaðarverkfræði frá Cornell University og Ph.D í iðnaðar- og kerfisverkfræði frá Georgia Institute of Technology.



Berglind Ásgeirsdóttir

Berglind á að baki langan feril í stjórnarráði Íslands. Meðal annars hefur hún starfað sem ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneyti, sendiherra í utanríkisráðuneytinu gagnvart Rússlandi og Frakklandi og fleiri löndum. Einnig sem fastafulltrúi Íslands gagnvart Evrópuráðinu, OECD og UNESCO og framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs. Hún lauk M.A. gráðu í alþjóðasamskiptum frá Boston University 1985 og embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1978.



Björn Ingimarsson

Björn lét nýverið af störfum sem sveitarstjóri Múlapings en þar var hann frá 2020-2025. Áður var Björn bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs frá 2010-2020, sveitarstjóri Langanesbyggðar frá 2006-2009 og sveitarstjóri Þórshafnarhrepps frá 2001-2006. Hann var fjármálastjóri Hraðfrystistöðvar Þórshafnar frá 2000-2001. Björn er með PBU gráðu í hagfræði frá Svíþjóð



Brynja Baldursdóttir

Brynja er forstjóri Greiðslumiðlunar Íslands (Motus) og leitt umfangsmikla umbreytingu fyrirtækisins. Áður starfaði hún m.a. sem svæðisstjóri Creditinfo Group í N-Evrópu, forstöðumaður sölu og forstöðumaður vefdeildar hjá Símanum. Hún situr í stjórn Abler og Viðskiptaráðs og háskólaráði HR. Hún lauk MSc prófi í aðgerðagreiningu frá Georgia Institute of Technology 2003 og BSc prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2000.



Eggert Benedikt Guðmundsson

Eggert Benedikt er leiðtogi sjálfbærrar þróunar fyrir forsætisráðuneytið, áður forstöðumaður Grænvangs, samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs. Hann var áður forstjóri N1 hf, forstjóri HB Granda hf, forstjóri IceCure ehf og á undan vann leiddi hann viðskiptaþróun hjá Philips Electronics í Belgíu og síðar Kaliforníu. Hann lauk meistaraþrófi í rafmagnsverkfræði frá háskólanum í Karlsruhe 1990 en síðar nam hann einnig viðskiptafræði við í IESE í Barcelona.

**Einar Mäntylä**

Einar er að láta af störfum sem framkvæmdastjóri Auðnu tæknitorgs en þar hefur hann starfað frá árinu 2019. Hann var einn af stofnendum nýsköpunarfyrirtækisins Disact og situr þar í stjórn í dag. Frá 2016-2018 var Einar Nýsköpunarstjóri Háskóla Íslands. Hann var einn af stofnendum ORF Genetics, sat þar í stórn og var tæknistjóri fyrirtækisins á árunum 2001-2014. Einar er með Ph.D í Molecular Genetics frá Svíþjóð og MBA frá Þýskalandi.

**Elva Rakel Jónsdóttir**

Elva er framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um sjálfbærni. Hún starfaði hjá Umhverfisstofnun á árunum 2010 til 2023, frá 2018 sem sviðsstjóri loftslagsmála og hringrásarhagkerfis og staðgengill forstjóra frá 2021, en áður sem sérfræðingur og teymisstjóri. Á árunum 2020 til 2023 var Elva Rakel framkvæmdastjóri norræna umhverfismerkisins Svansins á Íslandi. Hún er stjórnarmaður í Grænum skátum og í félagi umhverfisfræðinga. Elva Rakel er með BA í mannfræði frá Háskóla Íslands og meistaranám í umhverfis- og sjálfbærniþæðum frá Lund University.

**Hörður Þórhallsson**

Hörður er forstjóri Ósa, móðurfélags Icepharma og Parlogis. Jafnframt er hann forstjóri Icepharma en þar hefur hann verið frá árinu 2016. Áður var Hörður framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála frá 2015 til 2016. Hann starfaði hjá Actavis frá 2006 til 2015, fyrst sem yfirmaður viðskiptaþróunar en síðar sem framkvæmdastjóri starfseminnar í Asíu og Afríku. Hann stýrði Pharmaco frá 2003-2005. Hörður er með meistaraþáttu í rekstrarverkfræði frá háskólanum í Karlsruhe.

**Sigurður Magnús Garðarsson**

Sigurður Magnús er prófessor í umhverfis- og byggingaverkfræði við Háskóla Íslands og forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skólans. Hann hefur gegnt ýmsum ábyrgðarstörfum fyrir skólann, m.a. sem stjórnarformaður Vísindagarða og stjórnarformaður GEORG, rannsóknarklasa í jarðhita. Hann starfaði um árabil sem ráðgjafarverkfræðingur, bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi. Hann lauk doktorsprófi í umhverfisverkfræði frá University of Washington 1997.

**Stefanía Nindel**

Stefanía er í dag framkvæmdastjóri fjármála og stafrænna innviða hjá Framkvæmdasýslunni Ríkiseignum en þar hefur hún verið frá 2023. Hún var sviðsstjóri fjármálasviðs Borgarverks frá 2015-2023, fjármálastjóri Iðnskólans í Hafnarfirði frá 2013-2015 og fjármálastjóri Menntaskóla Borgarfjarðar 2008-2013. Stefanía er með BS-gráðu í Búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

**Þórdís Ingadóttir**

Þórdís hefur verið prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2005 og forstöðumaður Alþjóða- og Evrópuréttarstofnunar skólans. Áður var hún lögfræðingur við Dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Aðjúntk við lagadeild Háskóla Íslands. Hún var stjórnarformaður Íslenskra orkurannsóknna frá 2019-2023, í stjórn Landssamtaka Proskahjálpar 2015-2019 og sat í Bankaráði Landsbankans frá 2010-2014. Þórdís er með doktorsgráðu í lögum frá Háskólanum í Helsinki.
